



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P/139/2738
komudagur 25.5.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, allsherjarnefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. maí 2011 R2011050016
T-ums 31/11

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands - 674. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 12. maí 2011 móttækið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um Stjórnarráð Íslands og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að það sé að miklu leyti byggt á tillögum sem gerðar voru í skýrslunni Samhent stjórnsýsla sem gefin var út í desember 2010. Helsta breytingin í frumvarpinu er sögð vera sú að lagt sé til að hætt verði við að telja ráðuneyti upp með tæmandi hætti í lögum en ákvörðunarvald um hvaða ráðuneyti skuli starfa hvíli hjá stjórnvöldum á hverjum tíma.

Ríkisskattstjóri vill af tilefni þessa frumvarps áréttta þá skoðun að sjálfstæði skattyfirvalda þarf óvægjanlega að vera áfram óháð stjórnámálegu valdi og pólitisku ástandi sem breyst getur ört. Þá er það gríðarlega mikilvægt að skattyfirvöld séu ætíð það sjálfstæð að ekki verði hlaupið til eftir mögulegum ótilteknum upphlaupum sem kunna að eiga sér stað í þjóðfélaginu. Stjórnsýsla skattframkvæmdar verður ávallt að byggjast á traustum, málefnalegum og hlutlægum reglum sem ákvæði laga mæla fyrir um.

Tilefni þeirrar áréttingar um óháði skattyfirvalda sem vísað er til hér að framan í 2. mgr. bréfs þessa, eru ákvæði 12. til og með 14. gr. frumvarpsins. Þau eru þannig orðuð að umhugsunarvert kann að vera hvert sé efni þeirra. Hingað til hafa skattyfirvöld búið við sjálfstæði í vinnubrögðum, skattákvörðunum, framkvæmd skattamála sem og við úrlausn einstakra mála. Með því frumvarpi sem hér er til umsagnar verður ekki annað séð en að þetta kunni að raskast. Athugasemdir við ákvæði þessi eru afar óljós, þar sem slegið er úr og í um ýmis grundvallarhugtök eins og „yfirstjórnarvald“ sem fá þannig nýja og að því er virðist djúpstæða merkingu sem hvorki er séð að eigi sér skýra lagastoð né sé í samræmi við íslenskar stjórnsýsluhefðir.


Hugleiðingar frumvarpshöfunda um boðvald ráðherra er verulegt umhugsunarefni, sbr. almennar athugasemdir nr. VIII, að líta verði svo á að ráðherra hafi sama boðvald yfir starfsmönnum stofnana eins og ráðuneyta. Þetta er ekki rétt og gengur raunar mjög á skjön við alla stjórnsýslulega framkvæmd hingað til. Þetta myndi - ef rétt væri - kippa stoðum undan málsskotsheimild borgara til hlutaðeigandi ráðuneytis samkvæmt stjórnsýslulögum. Þá er augljóst að valdmörk forstöðumanna stofnana verða óljós og slíkt getur flækt stjórnsýsluna að óþörfu. Umfjöllun frumvarpshöfunda í athugasemdum með þessum hluta frumvarpsins, er enn fremur afar óskýr og ekki sett fram með þeim hætti sem gera verður til almennra

athugasemda með lagafrumvörpum, þótt ugglaut megi í fræðilegri ritgerð velta almennt fyrir sér hugtökum og notkun þeirra.

Ríkisskattstjóri ítrekar að mikilvægt er að ekki verði hreyft við sjálfstæði skattfirvalda gagnvart pólitísku valdi ráðherra. Með engu móti má draga úr trúverðugleika skattfirvalda og skaða með því móti skattfrankvæmd. Þegar horft er til þess umhverfis sem nú ræður ríkjum í íslensku samfélagi gætu pólitísk afskipti af starfsháttum og faglegum vinnubrögðum skattfirvalda kallað á viðbrögð og skaðað skattfrankvæmd svo og innheimtugetu þar til bærra yfirvalda.

Það er því tillaga ríkisskattstjóra að skýrt og ótvírætt komi fram í meðferð nefndarinnar að ekki verði talið að ráðherra geti haft afskipti af starfsháttum skattfirvalda umfram það sem nú þegar er í lögum um almennt eftirlit með starfsemi skattfirvalda, þ.m.t. að þau ræki skyldur sínar, þannig að ekki verði efast um óhæði skattfirvalda til að fara með skattamál án afskipta ráðherra eða öðru pólitísku valdi.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir